

AUGLÝSING

165

31. júlí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6, 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts árið 1943.

Í Reykjavík:

Kærufrestur til yfirsattaneftndar skal vera til 13. ágúst þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 31. júlí 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Sig. Ólason.

REGLUGERÐ

166

31. júlí

um breyting á reglugerð 4. maí 1943, um notkun loftskæptastöðva og talstöðva.

1. gr.

Á eftir 1. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Loftskæptastöðvar og talstöðvar í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum má ekki nota innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi og skulu þær innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni, þegar erlent skip kemur í íslenska höfn eða erlend flugvél lendir á Íslandi. Þó getur póst- og símamálastjórnin, ef sérstök ástæða þykir til, veitt erlendu fiskiskipi heimild til að nota talstöð sína með svipuðum takmörkunum og í íslenskum skipum, ef hún er að gerð og tilhögun eins og í íslenskum skipum og bundin á tveim föstum bylgjulengdum.

2. gr.

Í stað orðanna „sbr. 10. gr.“ í lok 4. gr. reglugerðarinnar komi: sbr. 13. gr.

3. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:

Á höfnum inni mega skip, hvort heldur eru íslensk eða erlend, ekki nota loftskæpta- eða talstöðvasenda né önnur radiosenditæki, nema til áriðandi viðskipta við næstu strandarstöð landssímans, sem þá er opin.

4. gr.

Í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í lok 7. gr. reglugerðarinnar komi: sbr. 8. gr.

5. gr.

Á eftir 9. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Kostnað við innsiglanir og eftirlit greiði hlutaðeigandi skip eða útgerðarmaður landssímanum samkvæmt gjaldskrá landssímans eða eftir reikningi fyrir það, sem gjaldskráin nær ekki til.

166
31. júlí

Í stað orðanna „samkv. 10. gr.“ í upphafi annarrar línu 11. gr. reglugerðarinnar komi: samkvæmt 13. gr.

6. gr.

Í stað orðanna „samkv. 11. gr.“ í lok fyrstu línu 12. gr. reglugerðarinnar komi: samkvæmt 14. gr.

7. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist samkvæmt framangreindu.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918, um rekstur loftskýtastöðva á Íslandi, reglugerð nr. 33 frá 17. maí 1918, um eftirlit með loftskýtasendingum til og frá íslenskum loftskýtastöðvum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, 31. júlí 1943

Vilhjálmur Þór.

Guðmundur Hlíðdal.

167
3. ágúst

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Búlandsskólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Búlandsskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi skóla- og barnaverndarnefndar Búlandshrepps er bannað að selja börnum innan 16 ára aldurs tóbak.

Bannað er og að gefa þeim tóbak eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.

2. gr.

Enn fremur er algerlega bannað, að veita eða selja börnum eða unglingum innan 17 ára aldurs eina eða aðra áfenga drykki eða á nokkurn hátt að halda slíku að þeim.

3. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) svo og öðrum sælgætisvörum, sem að dómi barnaverndarnefndar eru óhollar börnum og unglingum.

4. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega eigi sækja skemmtanir, sem eingöngu eru dansleikir og aldrei dvelja á almennum skemmtunum lengur en til miðnættis.

Undanþágu frá þessu getur þó skólanefnd veitt.

5. gr.

Börn á skólaskyldualdri mega aldrei vera lengur úti við en til kl. 10 e. h. á tímabilinu frá 1. október til sumarmála, nema þá í för með fullorðnum, enda brjóti þetta ákvæði ekki gegn 4. grein.